

Aðalfundur foreldrafélags Varmahlíðarskóla haldinn í matsal skólans 5. október 2021 kl. 20:30

Birna formaður setti fund skipaði Atla Má ritara og fundarstjóra eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum

1. Skýrsla formanns
  2. Reikningar
  3. Kosningar
  4. Önnur mál
- 
1. Birna fór yfir starfsemina síðustu tvö árin sem var mjög lítil vegna Covid, þó voru keyptir nokkrir hlutir fyrir nemendur td. Diskókúla borðtennisborð og síðan var öskudagsnammi og drykkir greiddir af félaginu. Einnig var bóndadót fyrir frístund afhent á fundinum.
  2. Reikningar sem Ragnhildur fór yfir. Innistæða á bók 5. 10.2021 kr. 553.494,- Ábendingar voru fáar um í hvað mætti rástafa fjármunum.
  3. Kosningar. Bekkjarfulltrúar tilnefndir:
    1. Bekkur Sigrún – Júlíus Reynisstað
    2. Bekkur Þyrey – Dagur Víðholt
    3. Bekkur Logi – Aldís Fjall
    4. Bekkur Vilhjálmur – Sirrý Sólvellir
    5. Bekkur Sigurjón – Sonja Kjartansstaðakot
    6. Bekkur Guttormur – Kristín Grænamýri
    7. Bekkur Feykir – Erla Víðimelur (var ákveðið að breyta í Rikke og Friggi Reykjum.)
    8. Bekkur Jón – Hrefna Hóli
    9. Bekkur Stefán Hólmfríður Glæsibæ
    10. Bekkur Lilja – Kristján Reykjaborg

Kosning í stjórn foreldrafélags til þriggja ára í stað Birnu á Glaumbæ sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, kosningu hlaut Sólborg Una Pálsdóttir Syðra Skörðugili með dýnjandi lófataki.

Kosning í skólaráð til tveggja ára í stað Laufeyjar Haraldsdóttur sem ekki gefur kost á sér, kosningu hlaut Birna í Glaumbæ með lófataki.

4. Rætt um viðhaldsframkvæmdir á þaki skólahúss sem voru löngu tímabærar. Hönnun er hafin á framtíðar húsnæði Skólans. Að þessari vinnu koma auk annara, sveitarstjóri, oddviti auk skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Spennandi verkefni en jafnframt margar áskoranir sem tekist er á við.

Rætt um framtíð skólaferðalaga 10 bekkjar, Danmörk/Íslenskt ævintýri.

Ekki fleira rætt, Birna fráfarandi formaður sleit fundi.